

Rauðhetta

í leikgerð Rannveigar Þorkelsdóttur

Persónur:

Sögumaður:

Mamma:

Rauðhetta:

Úlfur:

Amma:

Veiðimaður:

Sögumaður:

Einu sinni var lítil stúlka sem bjó hjá mömmu sinni upp í sveit. Mamma hennar hafði eitt sinn saumað á hana fallega rauða kápu sem litla stúlkan gekk alltaf í. Þess vegna var hún alltaf kölluð Rauðhetta. Rauðhetta átti ömmu sem bjó ekki langt í burtu frá þeim mæðgum. Rauðhetta litla heimsótti ömmu sína oft, en þurfti oftast að ganga stíginn sem lá að húsinu hennar ömmu. Það var til styttri leið, en hún lá þvert í gengum skóginn. Sú leið var ekki örugg. Það voru nefnilega fullt af villidýrum sem bjuggu í skóginum.

Mamma:

Rauðhetta, ég er búin að baka fullt af kökum. Viltu ekki skjótast til hennar ömmu þinnar með nýbakaðar kökur. Ég veit að hún hefur ekki verið hress að undanfögnu.



Rauðhetta:

Jú jú mamma mín, ég skal meiri segja hlaupa beint í gegnum skóginn, þannig verð ég fljótari.

Mamma:

Nei Rauðhetta mín, ég vil heldur að þú farir aðalveginn, það er svo miklu öruggara.

Rauðhetta:

Mamma ég fer varlega, ég lofa því.

Mamma:

Allt í lagi, en þú ferð beinustu leið heim til ömmu. Þú manst að stoppa hvergi á leiðinni. Lofarðu því?

Rauðhetta:

Já, mamma mín. Ég lofa.

Sögumaður:

Rauðhetta litla fór í kápuna sína og hélt af stað. Allt gekk vel þar til allt í einu stökk stór og illilegur úlfur í veg fyrir hana.

Úlfur:

Hvert ert þú að fara, litla stúlka?

Rauðhetta:

Ég er að fara til ömmu minnar sem býr hér rétt hjá. Hún er búin að vera veik og mamma sendi mig með nýjar kökur sem hún var að baka.

Úlfur:

Hvar býr hún amma þín?

Rauðhetta:

Hún býr herna rétt hjá. Hún býr í litla fallega húsinu við enda stígsins.

Úlfur:

Hefur amma þín gaman af blómum?

Rauðhetta:

Já, hún elskar blóm?



Úlfur:

Er þá ekki sniðugt að tína eitthvað af þessum fallegu blómum sem eru hér út um allt?

Rauðhetta:

Jú ,amma á eftir að verða svakalega glöð. (*hún fer að tína blóm*)

Úlfur:

Nú hleyp ég til ömmu hennar, Uss ekki segja neitt. (hann hleypur af stað)

Rauðhetta:

Mikið var þetta góður úlfur. Ég hefði aldrei tekið eftir öllum þessum fallegu blómum ef hann hefði ekki bent mér á þau. En hvar er hann, er hann farinn? Jæja ég verð að halda áfram. (hún heldur áfram)

Úlfur:

Mikið var ég fljótur heim til ömmu gömlu. Það er best að banka á hurðina. (*bankar*)

Amma:

Hver er þar?

Úlfur:

Það er ég, Rauðhetta amma mín.

Amma:

Rauðhetta mín, gott að þú skulir vera komin. Ég get ekki opnað sjálf, dragðu lokuna bara frá og komdu inn barnið mitt.

Úlfurinn opnar hurðina og gleypiri ömmu gömlu í einum bita.

Rauðhetta:

Það er gott að vera komin til ömmu. En af hverju er hurðin opin? Amma, af hverju eru augum í þér svona stór?

Úlfur:

Það er til þess að ég geti séð þig betur.

Rauðhetta:

En amma af hverju eru eyrun á þér svona stór?



Úlfur:

Það er til þess að ég geti heyrt betur í þér.

Rauðhetta:

Já, en amma af hverju ertu með svona stóran munn?

Úlfur:

Það er til þess að ég geti étið þig. *(hann stekkur á Rauðhettu og étur hana í einum munnbita)*

Veiðimaður:

Hvað læti eru þetta? Ekki hrýtur gamla konan svona svakalega eða hvað:
(fer inn og sér úlfinn)

Hvað gengur herna á? *(hann tekur hníf og sker gat á magann á úlfinum amma og Rauðhetta stökkva fram)*

Rauðhetta:

Mikið er ég glöð að vera komin út, *(faðmar ömmu sína)*

Amma:

Rauðhetta mín, mikið er gott að sjá þig. *(faðmast)*

Veiðimaður:

Rauðhetta, náðu í nokkra steina út við brunninn. Amma náðu í nál og tvinna. Ég er með hugmynd. *(þær ná í dót)*

Veiðimaður setur steinana í magann á úlfinum og amma saumar fyrir. Þau draga sig til hlés.

Úlfur:

(vaknar) Mikið er ég þyrstur. Hvað var ég eiginlega að borða.

(Úlfurinn fer að brunninum og ætlar að fá sér vatn. Hann dettur niður sem dauður væri).

Rauðhetta:

Jæja, amma mín. Ég verð að koma mér heim. Mamma er örugglega orðin hrædd um mig. Verður ekki allt í lagi með þig amma mín?

Amma:

Jú gullið mitt, farðu bara varlega á leiðinni heim. Ég bið að heilsa mömmu þinni. Bless, Rauðhetta mín.



Rauðhetta:

Bless, amma mín. Bless, veiðimaður: Þetta var nú ævintýri í lagi. Köttur út í mýri, út er ævintýri.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008